

7. gr.

23

Með lögum þessum er úr gildi feld, að því er Vestmannaeyjakaupstað 15. júní sneritir, 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, um gjald til holræsa og gangstjetta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæðum 6. greinar um dráttarvexti skal þó ekki beitt fyr en 3 mánuðum eftir gildistöku laganna. Fasteignagjald samkv. 1. gr. reiknast fyrst frá 1. janúar 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

LÖG

24

15. júní

um

bryggjügerð í Borgarnesi o. fl.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta gera bryggju við Stóru-Brákarey í Borgarnesi, að undangenginni rannsókn um, hvar á eyinni það sje hentugast, enda sje svo mikið dýpi við bryggjuna, að hæfilega stórt skip til flutninga milli Reykjavíkur og Borgarness geti legið við hana í hálfkölluðum sjó, og skal telja kostnað af nauðsynlegum dýpkunum við hana og út frá henni með bryggjügerðarkostnaði.

24

15. júní

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að láta gera garð eða brú yfir sundið milli eyjar og lands, svo og veg eftir eynni að bryggjunni og vegar-spotta á landi, eftir því sem nauðsynlegt er, til þess að koma vörum að bryggjunni og frá.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af framkvæmdum þeim, er ræðir um í 2. gr., og leggur fram helming kostnaðar við mannvirkin, sem nefnd eru í 1. gr., gegn helmings framlagi annarsstaðar frá, og má ekki byrja á verkinu fyrir en það framlag er trygt. Þó má framlag til þessara framkvæmda ekki fara fram úr 150000 kr.

4. gr.

Þegar mannvirki þau, sem ræðir um í lögum þessum, eru fullgerð, eru allir, sem ferma og afferma skip í Borgarnesi, skyldir til þess að nota bryggjuna, ef unt er, nema hafnarnefnd leyfi annað.

5. gr.

Frá þeim tíma, er bryggjan er tekin til notkunar, skulu allar tekjur hennar renna í sjóð, er nefnist hafnarsjóður Borgarness. Tekjum hans og eignum má einungis verja í þarfir bryggjunnar eða til annara hafnarbóta. Það, sem eftir kann að verða á þeim tíma af núverandi hafnarsjóði, rennur í þennan sjóð.

6. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps kýs 3 menn, er búsettir sjeu í Borgarnesi, í hafnarnefnd, til þess að hafa á hendi umsýsni og eftirlit með bryggjunni, reikningshald hennar, viðhald, stækkun hafnarvirkja og annað, sem henni kemur við. Menn þessir bera allir ábyrgð á eignum og tekjum bryggjunnar og eru kosnir til þriggja ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður, hvenær þeir skuli fyrst kosnir.

7. gr.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar og hafnarnefndar er ráðherra heimilt að gefa út reglugerð um notkun bryggjunnar og gjaldskrá um notkunina. Í reglugerðinni má leggja sektir við vanrækslu og brotum gegn henni, setja nánari reglur um skyldur hafnarnefndar og hreppsnefndar og ákveða meðferð mála út af brotum.

8. gr.

Þegar mannvirki þau, sem í 2. gr. getur, eru fullgerð, teljast þau meðal gatna eða vega Borgarneskaupþúns, og um kostnað af viðhaldi þeirra fer eftir 48. gr. vegalaga 4. júní 1924.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

24

15. júní

LÖG

um

húsaleigu í Reykjavík.

25

15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 24, 12. sept. 1917, lög nr. 45, 28. nóv. 1919, og lög nr. 50, 27.
júní 1921, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, en þó má eigi segja upp húsnæðum
til burtflutnings fyr en frá 14. maí 1927 og eigi hækka leigu þess leigjanda,
er situr í húsnæðinu, til þess tíma.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.